



Björn Snorrason
Ingibjörg Harðardóttir
Björk II
805 Selfoss

Selfoss
29.10.2025

Fallið frá fyrirhugaðri niðurfellingu Bjarkarvegur (3759-01) af vegaskrá.

Vísað er til fyrra bréfs Vegagerðarinnar, dags. 2.10.2025, þar sem tilkynnt var um fyrirhugaða niðurfellingu Bjarkarvegur (3759-01) af vegaskrá, þar sem tilkynnt var um fyrirhugaða niðurfellingu Bjarkarvegur (3759-01) af vegaskrá, þar sem vegurinn var merktur einkavegur og því ekki opinn almenningi til frjálstrar umferðar líkt og vegalög kveða á um, sbr. 1 mgr. 8. gr. vegalaga. Með ofangreindu bréfi var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við fyrirhugaða ákvörðun innan fjögurra vikna.

Síða 1/1

Vegagerðinni barst tölvupóstur frá Ingibjörgu Harðardóttur þar sem tilkynnt var að ábúendum væri ekki kunnugt um að vegurinn hefði verið merktur sem einkavegur. Eftirlitsmaður Vegagerðarinnar fór á staðinn og hefur staðfest að búið sé að fjarlægja skiltið.

Með bréfi þessu er hér með tilkynnt að fallið er frá fyrirhugaðri niðurfellingu Bjarkarvegur (3759-01) af vegaskrá. Þar sem vegurinn er ekki merktur sem einkavegur og lögheimili er að Björk II, uppfyllir Bjarkarvegur (3759-01) skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 og því skilyrði þess að teljast til þjóðvega.

Ákvörðun þessi er kæránleg til samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Afrit sent til sveitarfélagsins: gogg@gogg.is

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Freydís Edda Benediktsdóttir

*Þetta skjal hefur verið samþykkt
rafrænt*